

Minnisblað - 2008008

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: Greinargerð – umsögn um nýja jörð í landi Sælingsdals.

Dags.: 14.10.2020

Á 195. fundi sveitarstjórnar 10.09.2020 var eftirfarandi fært til bókar undir dagskrárlið 7:

2008008 - Ný jörð úr landi Sælingsdals, L137739

Úr fundargerð 107. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 04.09.2020, dagskrárliður 6:

2008008 - Ný jörð úr landi Sælingsdal, L137739

Í tilefni af fyrirhugaðri sölu á hluta af jörðinni Sælingsdal, ásamt húsakosti jarðarinnar, þá óska Ríkiseignir, f.h. landeiganda, Ríkissjóðs Íslands, eftir samþykki fyrir landskiptum á ríkisjörðinni, Sælingsdal, skv. meðfylgjandi uppdraetti.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin skv. 13. gr. jarðalaga.

Tók til máls: Eyjólfur.

Tillagan er felld með fimm atkvæðum (EJG, EIB, PJ, SHS, ÞJS), einn sat hjá (SHG) og einn samþykkti (RP).

Í framhaldi af því að Ríkiseignum var tilkynnt um þessa niðurstöðu sveitarstjórnar óskaði stofnunin með tölvupósti 16.09.2020 eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni.

Á 253. fundi byggðarráðs Dalabyggðar 24.09.2020 var eftirfarandi bókað undir dagskrárlið 12:

2008008 - Ný jörð úr landi Sælingsdal, L137739

Ríkiseignir fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands sem landeiganda óska eftir rökstuðningi við ákvörðun sveitarstjórnar.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að semja greinargerð sem verði lögð fyrir sveitarstjórn.

Eftir á að hyggja hefði afgreiðsla sveitarstjórnar mátt vera skýrari þar sem sveitarstjórnin er, skv. 13. grein jarðalaga nr. 81/2004 (sjá ramma hér aftar), hér eingöngu umsagnaraðili en ekki ákvörðunaraðili og þyrfti að orða niðurstöðu/bókun sveitarstjórnar í samræmi við það. Þó er

13. gr. Staðfesting landskipta.

Skipti á landi sem tilheyrir einni jörð og sameiginlegu landi tveggja eða fleiri jarða skulu staðfest af [ráðherra].¹⁾ Beiðni um staðfestingu landskipta skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila sem eru eigendur landsins og aðilar að landskiptunum, svo og lýsing á landskiptunum. Beiðninni skal fylgja samningur um landskipti eða landskiptagerð ...,²⁾ [staðfesting á því að áformuð landskipti samrýmist gildandi skipulagsáætlun],³⁾ þinglýsingarvottorð, **umsögn sveitarstjórnar** og önnur gögn sem kunna að liggja til grundvallar landskiptum og [ráðherra]⁴⁾ óskar eftir að lögð verði fram. Í skiptasamningi eða landskiptagerð um skipti á landi sem tilheyrir einu lögbýli skal tekið fram hvaða jarðarluta lögbýlisréttur fylgir, þ.m.t. upphaflegt heiti lögbýlis. Leigusamningar, þ.m.t. lóðarleigusamningar, teljast ekki til landskipta í skilningi þessa ákvæðis. Staðfestingu [ráðherra]⁵⁾ ásamt uppdretti staðfestum af skipulagsyfirvöldum skal þinglýst og öðlast hún þá fyrst gildi.

mögulegt að neikvæð umsögn sveitarfélags gæti reynst afgerandi gagn þegar málið kemur inn á borð landbúnaðarráðuneytisins.

Rökstuðningur fyrir niðurstöðu sveitarstjórnar var, eins og fram kom í umræðum á sveitarstjórnarfundinum, að það rýri mjög landkosti jarðarinnar að skipta henni upp á þann hátt sem verið er að leggja til– sérstaklega þegar veiðiréttindum í ánni er haldið eftir og ríkið virðist ætla að eiga þau sérstaklega. Þarna er ríkið að setja það fordæmi sem stórir eigendur veiðijarða á landinu gætu nýtt sér og skipt upp jörðunum þannig að veiðiréttinum yrði haldið eftir en annað land selt áfram til annarra nota. Þessari nálgun var sveitarstjórn ósammála og talið réttara að jörðin væri seld í heilu lagi eða þá að ríkið kæmi henni í ábúð. Þá er bent á 9. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 (sjá rammagrein) þar sem sett er sú meginregla að veiðiréttur verði

9. gr. Aðskilnaður veiðiréttar frá fasteign.

Ekki má skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá fasteign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma. Ráðherra getur þó, að fenginni jákvæðri umsögn [Fiskistofu], 1) veitt undanþágu frá banni þessu. Á lögbýlum, þar sem stundaður er landbúnaður, skal þess gætt við veitingu undanþágu að aðskilnaður valdi því ekki að torvelt verði eftirleiðis að stunda þar landbúnað. Þá má slíkur aðskilnaður ekki valda hættu á því að fiskstofnar viðkomandi veiðivatns verði ofnýttir. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að skilja stangveiðirétt frá fasteign um tiltekinn tíma, allt að tíu árum. Ef ekki er á annan veg samið felst í slíkri ráðstöfun afsal veiðiréttarhafa á rétti til annarrar veiði en stangveiði á umsömdu tímabili.

ekki skilinn frá fasteignum, hvorki með hefðbundnu afsali veiðiréttarins né heldur við uppskiptingu fasteignar eða ráðstöfun einstakra spildna úr henni. Í greinargerð með frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði segir varðandi 9. greinina:

„Til þess að taka af öll tvímæli er með frumvarpsgrein þessari lagt til að sú meginregla gildi frá gildistöku laganna að veiðiréttur verði ekki skilinn frá fasteignum, hvorki með hefðbundnu afsali veiðiréttarins né heldur við uppskiptingu fasteignar eða ráðstöfun einstakra spildna úr henni. Slíkt yrði því í öllum tilvikum leyfisskylt, og gert er ráð fyrir því að við mat á heimild til undanþágu beri sérstaklega að líta til þess hvort kostir fasteignar til landbúnaðarnota skerðist, og jafnframt að fiskstofnar viðkomandi vatns verði ekki ofnýttir. Þykir þessi fortakslausa tilhögun í betra samræmi við þau meginmarkmið frumvarpsins sem áður hefur verið gerð grein fyrir og er m.a. ætlað að tryggja áframhaldandi sjálfstæði og rekstrargrundvöll þeirra jarða sem byggja afkomu sína, að öllu leyti eða hluta, á veiðinytjum. Þess utan er ljóst að takmarkalaus uppskipting veiðiréttar einstakra jarða á fleiri hendur getur stefnt í hættu því markmiði frumvarpsins að tryggja skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu þeirrar auðlindar sem fiskstofnar ferskvatna eru.“

Sveitarstjórn gæti umorðað niðurstöðu sína í samræmi við það að verið er að veita umsögn og að í henni komi jafnframt fram rökstuðningur. Gæti mögulega verið eftirfarandi, sjá feitletraðan texta:

Sveitarstjórn Dalabyggðar mælir gegn uppskiptingu á jörðinni Sælingsdal. Það rýrir mjög landkosti jarðar að skipta henni upp á þann hátt sem verið er að leggja til– sérstaklega þegar veiðiréttindum í ánni er haldið eftir og ríkið virðist ætla að eiga þau sérstaklega. Þarna er verið að setja það fordæmi sem stórir eigendur veiðijarða á landinu gætu nýtt sér og skipt upp jörðunum þannig að veiðiréttinum yrði haldið eftir en annað land selt áfram til annarra nota. Bent er á 9. gr. laga um lax- og silingsveiði nr, 61/2006 þar sem sett er sú meginregla að veiðiréttur verði ekki skilinn frá fasteignum, hvorki með hefðbundnu afsali veiðiréttarins né heldur við uppskiptingu fasteignar eða ráðstöfun einstakra spildna úr henni. Vísað er til greinargerðar með frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði varðandi 9. greinina: „Til þess að taka af öll tvímæli er með frumvarpsgrein þessari lagt til að sú meginregla gildi frá gildistöku laganna að veiðiréttur verði ekki skilinn frá fasteignum, hvorki með hefðbundnu afsali veiðiréttarins né heldur við uppskiptingu fasteignar eða ráðstöfun einstakra spildna úr henni. Slíkt yrði því í öllum tilvikum leyfisskilt, og gert er ráð fyrir því að við mat á heimild til undanþágu beri sérstaklega að líta til þess hvort kostir fasteignar til landbúnaðarnota skerðist, og jafnframt að fiskstofnar viðkomandi vatns verði ekki ofnýttir. Þykir þessi fortakslausa tilhögun í betra samræmi við þau meginmarkmið frumvarpsins sem áður hefur verið gerð grein fyrir og er m.a. ætlað að tryggja áframhaldandi sjálfstæði og rekstrargrundvöll þeirra jarða sem byggja afkomu sína, að öllu leyti eða hluta, á veiðinytjum. Þess utan er ljóst að takmarkalaus uppskipting veiðiréttar einstakra jarða á fleiri hendur getur stefnt í hættu því markmiði frumvarpsins að tryggja skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu þeirrar auðlindar sem fiskstofnar ferskvatna eru.“

Þá er bent á þann möguleika að eiga fund með Ríkiseignum og fara yfir málið. Ef einhver misskilningur er í málinu kann þar að gefast tækifæri til að leiðrétta hann og umsögn sveitarfélagsins myndi þá taka mið af því.